

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



13. júní 2019

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 56. mál á 149. löggjafarþingi**

*Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja*

Hagsmunasamtök heimilanna styðja markmið tillögu þessarar í meginatriðum, en benda um leið á að nú þegar er til ígildi rafrænna skilríkja, Íslykill, sem hefur reynst nokkuð vel til auðkenningar fyrir ýmsar rafrænar þjónustur, bæði opinberar og aðrar. Þar sem notkun Íslykils hefur náð talsverðri og vaxandi útbreiðslu án þess að vera lögbundin, leggja samtökin til að við frekari þróun á þessu sviði verði byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af útfærslu og notkun hans.

Aðeins eitt fyrirtæki í eigu einkaaðila, einkum fjármálafyrirtækja, býður upp á svokölluð rafræn skilríki á grundvelli laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Við leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum nr. 35/2014 var sett það skilyrði að ákvörðuð leiðrétting yrði staðfest með slíkum skilríkjum. Enn fremur hefur Íslandsbanki hf. krafist notkunar þeirra til að óska eftir leiðréttingu vaxta á húsnæðislánum samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016. Að mati samtakanna er það með öllu óréttmætt að þvinga neytendur þannig í viðskipti við einkafyrirtæki í einokunarstöðu svo þeir geti sótt réttindi sín á grundvelli laga. Dæmi eru um að neytendum sem ekki vilja una slíku hafi reynst erfitt að sækja lögbundin réttindi sín.

Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna til útgáfu persónuskilríkja, hvort sem þau séu áþreifanleg eða rafræn, er sú að eðli máls samkvæmt sé hún á ábyrgð stjórnvalda og meðal þeirra verkefna sem eigi alls ekki heima hjá einkageiranum. Samkeppni er mikilvægur drifkraftur á frjálsum markaði og getur verið neytendum til hagsbóta við slíkar aðstæður, en verkefni hins opinbera lúta öðrum lögmálum. Skilríki eru ekki neytendavara heldur forsenda þess að hægt sé að nýta borgaraleg réttindi.

Einnig má nefna að 31. maí 2019 birti forsætisráðuneytið tilkynningu um eflingu stafrænnar þjónustu, þar sem m.a. kom fram að stjórnvöld stefni nú að því að ríkið muni taka að sér útgáfu á rafrænum skilríkjum. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi þeirri stefnu, en hvetja jafnframt til þess að vandað verði sérstaklega til verks svo útfærslan geti öðlast nauðsynlegt traust.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
150 REYKJAVÍK



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 25. mars 2019  
Tilvísun: 2019030617bS/--

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 7. mars 2019 um umsögn um þingsályktunartillögu um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja (þskj. 56, 56. mál á 149. löggjafarþingi). Í tillögunni er gert ráð að stofnaður verði starfshópur sem geri tillögur að útgáfu slíkra skilríkja og áætlun um kostnað við að taka skilríkin í notkun. Þá kemur meðal annars fram að í starfshópnum muni eiga sæti ýmsir aðilar, þ. á m. Persónuvernd.

Af því tilefni skal tekið fram að í ljósi hlutverks Persónuverndar sem eftirlits- og úrskurðaraðila er óheppilegt að hún eigi sæti í starfshóp sem þessum. Ástæðan er sú að honum er ætlað að móta tillögur um hvernig standa á að vinnslu persónuupplýsinga sem síðar gæti komið til kasta stofnunarinnar vegna eftirlitsstarfa eða kvartana einstaklinga. Má því telja edlilegra að Persónuvernd hafi aðkomu að vinnu á vegum starfshópsins sem umsagnaraðili og leggur stofnin til í samræmi við það að orðið „Persónuverndar“ verði fellt brott úr texta þingsályktunartillögunnar.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Þórisdóttir

  
Þórður Sveinsson



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 22. mars 2019

**Efni: Umsógn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja, 56. mál**

Til umsagnar á vef Alþingis er tillaga til þingsályktunar þar sem dómsmálaráðherra er falið að skipa starfshóp sem ætlað er að gera tillögur að útgáfu örugggra opinberra skilríkja og áætlun um kostnað við að taka skilríkin í notkun. Samkvæmt greinargerð með tillögunni er markmiðið að skilríkin verði bæði efnisleg og rafræn og standi til boða öllum Íslenskum ríkisborgurum og borgurum annarra ríkja sem eru búsettir á Íslandi og bera hér réttindi og skyldur.

Samtök iðnaðarins telja nauðsynlegt að tryggja að framboð á rafrænum skilríkjum sé gott en ljóst er að rekstur þeirra rafrænu auðkenna sem finna má í slíkum skilríkjum er bæði kostnaðarsamur og krefst mikillar sérþekkingar. Vegna örra tæknibreytinga og aukinna krafna um öryggi og gagnavernd er fyrir séð að rafrænar auðkenningarleiðir munu taka miklum breytingum næstu áratugi. Stöðug þörf er á að hanna og þróa nýjar tæknilausnir og krafan um hátt öryggisstig eykst í tak við auknar netógnir. Mikilvægt er að útgáfa opinberra skilríkja fylgi þeirri þróun og gætt sé að ýtrustu öryggissjónarmiðum.

Ríkið býður upp á auðkenningarleið, þ.e. svokallaðan Íslykil, sem er fjármagnaður og rekinn af ríkinu. Umrædd þjónusta hefur staðið stofnunum, einstaklingum og fyrirtækjum til boða ókeypis og verið í samkeppni við aðra aðila á markaði. Samtök iðnaðarins vilja áréttta mikilvægi þess að umræddum starfshópi verði ekki falið það verkefni að útvíkka núverandi þjónustu ríkisins á samkeppnismarkaði, með tilheyrandi fjárfestingum af hendi ríkisins. Að lokum óska Samtök iðnaðarins eftir því að fulltrúi atvinnulífsins muni eiga sæti í umræddum starfshópi, verði hann stofnaður.

Virðingarfyllst,

Edda Björk Ragnarsdóttir,  
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019030496/7.0

Tilvísun sendanda:

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja, 56. mál.

Vísað er til erindis frá Allsherjar- og menntamálanefnd þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja.

Þjóðskrá Íslands er hlynnt því að slíkur starfshópur verði stofnaður með aðkomu stofnunarinnar og styður því framgang málsins.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Björg Finnbogadóttir  
*lögfræðingur*